

FÖSTUDAGUR

29. FEBRÚAR 2008

FYLGIRIT FRÉTTABLADSINS

VALA MATT
selur glæsibúð sína
í Garðabæ

NÝTT
MEGRUNAR EÐI
grípur landann

ATLI
BOLLASON
Í SPRENGJU-
HÖLLINI
opnar fataskápin

REGÍNA ÓSK ÓSKARSDÓTTIR

Líður vel í
eigin skinni

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður

„Ég er nýkomin frá Bandaríkjunum þar sem ég var í vel heppnaðri skíðaferð með vinum. Ég ætla því að nýta helgina fram undan í algera afslöppun og almenna leti. Ég mun því væntanlega ráfa tilviljanakennt á milli Lauga, Máls og menningar, Sundhallarinnar og verslana á Laugaveginum á laugardag. Afslöppun laugardagsins mun svo koma sér vel á sunnudag þegar ég hitti vinkonu mína sem eignaðist tvíbura fyrir nokkru – þar verður vafalaust líf og fjör,“ segir Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður hjá Lex.



Arnar Þór aftur tekinn við Óliver

Arnar Þór Gíslason, sem oftast hefur verið kenndur við skemmtistaðinn Óliver, er kominn aftur á gólf síns gamla staðar ásamt félagi sínum Loga Helgasyni. Þetta staðfesti hann í samtali við Föstudag. Hann sagðist ætla að safna sínu gamla gengi saman og koma Óliver aftur í hæstu hæðir.

Töluverður styr hefur staðið um rekstur Ólivers eftir að Arnar seldi staðinn í hendurnar á þeim Baldvini Samúelssyni og Ragnari Magnússyni. Illa gekk að uppfylla kaupsamningana og svo komst bílabruni í Vogum í hámeði í fjölmiðlum þar sem Ragnar var sakaður um að hafa kveikt í tíu glæsibifreiðum. Aðsóknin að Óliver fór í kjölfarið dvinandi og nýverið greindu bæði DV og Morgunblaðið frá því að Ásgeir Davíðsson, Geiri á Goldfinger, og sonur hans hefðu keypt musterir hnakkanna af þeim félögum. Að sögn Arnars höfðu þeir feðgar háleitar hugmyndir en ákvaðu síðan eftir nokkra umhugsun að hverfa frá kaupnum. „Og við stukkum bara um borð,“ segir Arnar, sem var að vonum spenntur fyrir því að endurnýja kynnin við sinn gamla stað.



KOMINN AFTUR Arnar Þór og félagi hans Logi Helgason eru teknir við stjórntaumum á ný á Óliver.

FRÉTTIR



VILL FÁ 100 MILLJÓNIR FYRIR HÚSIÐ

Gamla knattspyrnustjarnan Arnór Guðjónsen hefur sett glæsilegt einbýlishús, að Köldulind 2 í Kópavogi, á sölu. Húsið er sannkölullt glæsivilla með sérsníðnum innréttingum, náttúrusteini á gólfii og granitlögðum borþöplötum. Húsið stendur á besta stað með útsýni út á sjó og hentar fyrir þá sem gera kröfur.



Stjörnuþarið Július Kemp kvikmyndagerðarmaður og Harpa Pétursdóttir, pistla-höfundur og lögmaður, eignaðist son 25. febrúar.

Móður og barni heilsast vel en drengurinn var 14 merkur og 52 cm. Drengurinn hefur ekki verið nefndur en hann verður líklega skírður um páskana. Þeir sem hafa lítið drenginn augum segja að hann sé mjög líkur föður sínum.

Og meira af barneignum. Hugrún Dögg Árnadóttir fatahönnuður og kærasti hennar, Magni Þorsteinsson, oftast kennd við KronKron, eiga von á barni í sumar en hún er komin rúma þrjá mánuði á leið. Þarið er búið að vera saman í mörg ár og hefur vakið athygli fyrir frjótt hugmyndaflug en verið áberandi í tiskubransanum á Íslandi um nokkurra ára skeið. Hugrún Dögg er mikil tiskufyrirmynd og því ættu óléttar konur að fylgjast grannt með því hverju hún klæðist og reyna að læra af henni í leiðinni ef þær vilja líta vel út á meðgöngunni.



FÖSTUDAGUR

Útgáfufélag 365 prentmiðlar
 Ritstjóri Marta María Jónasdóttir
 martamaria@365.is
 Bergþóra Magnúsdóttir
 bergthora@365.is
 Forsiðumynd Stefán Karlsson
 Útlitshönnun
 Arnór Bogason og
 Kristín Agnarsdóttir
 Auglýsingar Guðný Gunnlaugsdóttir
 gunny@365.is sími 512 5462
 Föstudagur Skaftahlíð 24
 105 Reykjavík, sími 512 5000

Nýtt grenningaræði gripur landann

Slendertone reddar málunum

Annar hver Íslendingur virðist vera farinn að nota Slendertone-vörurnar og er fræga fólk-íð ekki undanskilið. „Tækið er notað til styrkingar á vöðvum en hægt er að kaupa tæki sem sérstaklega eru hönnuð fyrir maga, rass og læri og upphandleggi allt eftir þörfum,“ segir Þórhallur Jónsson hjá Hreysti sem heyrir reglulega frá ánægðum viðskiptavinum sínum með frábæran árangur. Leikkonan og skemmtikrafturinn Brynja Valdís Gísladóttir festi nýlega kaup á undratækini. „Ég er ekki farin að nota Slendertone System ennþá en hef fulla trú á því,“ segir Brynja Valdís en það er mikilvægt fyrir hana starfsins vegna að vera í góðu formi. „Ég er í fullu námi í kvikmyndaleikstjórn í Kvikmyndaskóla Íslands jafnframt því að starfa sem skemmtikraftur og veislustjóri. Þá er nauðsynlegt að vera með gott úthald og þegar lítill tími gefst til að fara í ræktina mun tækið koma sér að góðum notum,“ segir Brynja Valdís og hlakkar til að prófa tækið. Sjónvarps- og útvarpsmaðurinn Heimir Karlsson hefur notað Slendertone í þrjú ár og ber tæk-

inu vel söguna. „Ég fékk ábendingu um tækið í gegnum einkaþjálfara á sínum tíma sem mælti með því meðfram líkamsræktinni,“ segir Heimir, sem fann fljótt hversu styrkjandi Slendertone er. „Það er engin spurning að tækið tekur á magavöðvum. Það kemur ekki í staðinn fyrir magafingarnar en hjálpar til og er upplagt fyrir þá sem taka hreysti alvarlega og vilja hámarksárangur í líkamsræktinni,“ bætir Heimir við. Fyrrum samstarfsfélagi Heimis sjónvarpsdrottningin Sirrý hefur sömu leiðis notað Slendertone með góðum árangri. „Ég eignaðist Slendertone fyrir mörgum árum síðan og notaði það að miklum krafti. Ég fór út í langa göngutúra með beltíð á maganum og stíllti það á hæstu virkni. Mér fannst tækið gefa mér möguleika á því að gera marga hluti í einu en ég gat notið útivistarinnar, andað að mér súrefni og hlustað á útvarpið á meðan ég þjálfaði magavöðvana,“ segir Sirrý sem leggur mikið upp úr því að nýta tímann vel. „Það má eiginlega segja að ég hafi notað tækið hreinlega upp til anga en á því eru púðar sem að eyddust upp og því hef ég ekki notað tækið í einhvern tíma eins og sést á maganum á mér. Nú er ég komin í ræktina á fullt og mun endurnýja púðana á tækini við fyrsta tækifæri,“ segir Sirrý að lokum.



SLENDERTONE-TÆKIÐ



SIRRÝ



BRYNJA VALDÍS



HEIMIR KARLSSON

bergthora@frettabladid.is

Íslensk auglýsing minnir á þýska minnislyfjaherferð

Nemi í grafískri hönnun segir að auglýsing Góðs fólks fyrir Landsbankann, Eyddu í sparnað, sé ótrúlega lík auglýsingu þýskrar lyfjaverslanakeðju. Góðar hugmyndir kvikna víða, segja starfsmenn Góðs fólks.

Auglýsing Landsbankans er tilnefnd til Lúðursins, íslensku auglýsingaverðlaunanna og Úlfi Kolka, nema í grafískri hönnun við listaháskóla Íslands, þótti rétt að vekja athygli á þessu. Hann telur að það geti verið hálf vandræðalegt ef auglýsingin hafnaði á efsta palli en líti út fyrir að vera stolið frá þýskum aðilum. En auglýsingin sem um ræðir er frá þýska lyfjafyrirtækinu Doppelherz og var sett af stað fyrir um ári síðan. Úlfur tekur fram að undir venjulegum kringumstæðum hefði hann ekki bent á þessi líkindi en þar sem auglýsingin sé tilnefnd hafi honum fundist rétt að impra aðeins á þessu.

Í báðum tilfellum koma svokallaðir Post-it miðar töluvert við sögu. Og segist Úlfur hafa rekist á þýsku auglýsinguna í bók frá Art Direktors Club of Europe sem fjallaði um grafísku verðlaunin frá árinu 2006. „Ég myndi aldrei taka svo stórt upp í mig að halda því fram að auglýsing Landsbankans væri stölin. En menn ættu samt að ihuga þetta,“ segir Úlfur sem jafnframt fann



mikil líkindi milli Glitnis-auglýsingar og markaðsherferðar norska bankans Fokus Bank. „Þær auglýsingar voru keyrðar á sama tíma og því hefði það allt saman getað orðið neyðarlegt,“ segir Úlfur.

Ingvar Sverrisson, framkvæmdastjóri Góðs fólks, segir það af og frá að auglýsing þeirra sé stölin. Og bendir á að þessi herferð hafi hafið göngu sína fyrir rúmu ári. Guðmundur Þór



LÍKAR Auglýsing Landsbankans og þýska lyfjafyrirtækisins Doppelherz eru ansi líkar.

EKKERT ÓSVIPAB Glitnir og norski bankinn Fokus Bank eiga ýmislegt meira sameiginlegt en að sinna bankastarfsemi; eins og þessa auglýsingu

Kárason, hönnuður hjá Góðu fólki, bendir jafnframt á að post-it miðar séu að verða alþjóðlegt tákni fyrir atriði sem fólk vill ekki gleyma. Hann viðurkennir hins vegar að auðvitað fylgisti fólk með því sem er í gangi erlendis og því geti alltaf eitthvað svona gerst. „Menn geta auðvitað alltaf lent í því að fá keimlíkar hugmyndir og góðar hugmyndir kvikna víða,“ segir Guðmundur Þór og tekur fram að það sé skýr starfsmannastefna hjá Góðu fólki að vera fremst í flokki hugmyndaevinnu.

freyrgjiga@frettabladid.is

Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.



Allt í steik

framlengt til 31. mars

4ra rétta seðill

1 PARMASKINKA PROSCIUTTO
með strengjabaunasalati, balsamic hlaupi
og rjóma-jarðsveppaosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU MILLI ÞRIGGJA ADALRÉTTA

KJÚKLINGABRINGA
hunangskryddhjúpuð með gljáðu rótargrænmeti,
spínati og sítrónusósu

3 eða ANDARBRINGA
appelsínumarineruð með appelsínusósu

eða NAUTALUND
grilluð með hvítlauksristuðu spínati,
sperglum og Béarnaise-sósu

4 SÚKKULADIFRAUÐ
með ferskum ávöxtum í nouggat-froðu

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



Verð frá **3.990 kr.**

Hringbot



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207 - Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



DRYKKUR HELGARINNAR



Razzmopolitan

Drykkur helgarinnar er Razzmopolitan á 101 Hótel en veitingastaður hótelsins býður upp á úrval kokkteila sem eru hver öðrum betri. Fullkominn endir á vikunni eða góð byrjun á kvöldinu – hvernig sem á það er lítið.



TANJA OG TILVONANDI EIGINMAÐUR HENNAR

Tanja Sif Árnadóttir og Gabriel Filippusson Patay ganga í það heilaga á hlaupársdag

Brúðkaupsafmæli á fjögurra ára fresti

„Gabriel bað mín fyrir framan fjölskylduna sína á aðfangadagskvöld. Hann byrjaði á því að halda ræðu og dró síðan upp hringinn og ég sagði auðvitað strax já. Þetta var mjög rómantískt en ekki beint frumlegt þar sem bestir vinur Gabriels hringdi í okkur á jóladag og sagði okkur frá því að hann hefði trúlofast sinni heittelskuðu sama kvöld,” segir Tanja Sif Árnadóttir, sölufulltrúi hjá Glitni og brúður, en hún og unnusti hennar Gabriel Filippusson Patay, smiður og fjallaleiðsögumaður, ganga í það heilaga í dag í kirkjunni á Búðum. Þau segja að dagurinn hafi verið valinn fyrir tilviljun en þau

eiga von á barni í apríl og fannst mikilvægt að vera gift þegar barnið kæmi. Kynni þeirra voru afar rómantísk þar sem íslensk veðráttu átti hlut að máli. „Við hittumst í fyrsta skipti í Krambúðinni á Skólavörðustígnum en Gabriel bauð mér far þar sem það var mikil snjócoma úti. Ég bjó nánast við hliðina á búðinni en þáði farið þar sem hann var fallegasti maður sem ég hafði á ævi minni séð,” segir Tanja með blik í augum. „Farið varð síðan að bíltúr, þar sem við þá bláókunnugir einstaklingar ræddum um allt á milli himins og jarðar. Næst þegar við hittumst small þetta saman eins og örlögin

hefðu ráðið ferðinni,” bætir Tanja við. Gabriel hefur ferðast um allan heiminn og lent í alls kyns ævintýrum og það kemur því engum á óvart að plön brúðhjónanna um brúðkaupsafmælin bera með sér framandi anda og ævintýri. „Eflaust munum við halda upp á brúðkaupsafmæli okkar á fjögurra ára fresti. Við erum þegar farin að velta því fyrir okkur að halda upp á það með því að ferðast til framandi landa, til dæmis fara á suðurpólinn eða til Sahara-eyðimerkurinnar,” segir Gabriel að lokum. Við óskum brúðhjónunum til hamingju með daginn.

berghthora@365.is

Skífulistinn topp 20

Vinsælustu titlarnir

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

1	Ymsir	LAUGARDAGSLÖGIN 2008
2	Ymsir	Femin 2008
3	Lay Low	Okutímar - tónlist úr leikriti
4	Hjálmar	Ferðasöt
5	Mugison	Mugiboogie
6	Páll Óskar	Allt fyrir ástina
7	Jack Johnson	Sleep Through The Static
8	Leona Lewis	Spirit
9	Creedence Clearwater	Chronicle: 20 Greatest Hits
10	Poetrix	Fyrir lengra komna
11	Einar Ágúst	Það er ekkert víst að það klikki
12	Radiohead	In Rainbows
13	Sigur Rós	Takk Limited
14	Villi Vill	Myndin af þér (3CD)
15	Robert Plant & Alison Krauss	Raising Sand
16	Hjaltalín	Sleepdrunk Seasons
17	Sigur Rós	Hvarf / Heima 2cd
18	Ymsir	Gosi
19	Cat Stevens	The Very Best Of
20	Gus Gus	Forever

▲ Áttunda tölur | ▼ Áttunda tölur | ▲ Áttunda tölur | ▼ Áttunda tölur

Listinn gildir 22-29. febrúar 2008



Skífulistinn er samantekt af mest seldu titlum í Skífunni og verslunum BT út um allt land.

VINSÆLUSTU DVD

1	Ratatouille
2	Næturvaktin
3	Mýrin
4	Astrópía
5	Doddi þættir 1-8
6	Bring It On - In it to win it
7	Secret, The - Íslenskt
8	Simpsons The Movie
9	Shoot'em Up
10	Skoppa og Skritla í Þjóðleikhúsi
11	Fótbæddur Season 2
12	300
13	Knocked Up
14	Superbad
15	Kóld Stóð
16	Friends DVD Sería 1
17	A Mighty Heart
18	Family Guy Blue Harvest
19	Simpsons Season 10
20	Top Gear





AÐ GLEÐJA MUNN OG MAGA

Þú finnur eitthvað sem gleður magann í fjölmörgum veitingahúsum Smáralindar á öllum tímum dagsins.

Börnin gleðjast í Veröldinni okkar í skemmtilegum leikjum undir umsjón ábyrgra starfsmanna.

GERÐU VEL VIÐ ÞIG OG ÞÍNA OG KÍKTU Í SMÁRALIND!



Verlanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

fatastíllinn

Atli Bollason hjómborðsleikari Sprengjuhallarinnar

Fermingarbindið fær reglulega að hanga um hálsinn



Hvernig myndir þú lýsa þínum eigin sti?:

„Ég er sjúkur í að gagnrýna og skilgreina hluti en ég leiði hugann einhverra hluta vegna frekar sjaldan að eigin fatastíl. En stíllinn minn gæti líklegast flokkast undir einhvers konar bræðing af evrópskri „second hand“-tísku síðan um aldamótin (íþróttaföt frá 8. áratugnum o.fl.) og því sem Strokes voru að klæðast stuttu seinna. Það verður að viðurkennast að það hefur ekkert rosalega mikið gerst hjá mér síðastliðinn hálf-án áratug í fatastílnum þó að buxurnar og bolirnir hafi kannski þrengst aðeins.“

Hvaðan sækir þú innblástur þegar kemur að fatastílnum? Áttu þér einhverja fyrirmynd?

„Ég sækir mér eflaust helst innblástur í vini og vandamenn, ef þeir detta niður á eitt-hvað flott elti ég það kannski. Það er helst þegar kemur að klippingum og hárgreiðslu sem ég leita mér meðvitað að fyrirmyndum, og þá verða nýir eða gamlir rokkarar gjarnan fyrir valinu.“

Hvar verslar þú helst?: „Ég kaupir rosalega lítið af fötum. Í janúar keypti ég mér jakkaföt hjá Kormáki og Skildi en það liðu margir mánuðir þar á undan, líklegast voru það peysur og buxur sem ég fjárfesti í í Berlín í júlí.“

Uppáhaldsbúðin?: „Það hlýtur eiginlega að vera

American Apparel. En mér finnst líka gaman að mörgum íslenskum fatabúðum; Kormáki og Skildi, Spúútník og svo er mjög gaman að koma í Kron og Kronkron.“

Eftirlætisflíkin í fataskápnum?: „Ég átti bláan Hummel-jakka sem ég elskaði en hann er týndur, svo ætli það séu ekki bara einhverjar góðar svartar „slim“-gallabuxur.“

Hvað finnst þér um íslensku tískuna? „Ég hugsa oft þegar ég geng niður Bankastrætið að líklegast sé hlutfall vel klæddra og svalra einna hæst í Reykjavík af öllum borgum heimsins. Það er mjög margt í gangi og mikið um það að fólk sé í einstökum, handgerðum flíkum, sem er jákvætt og býr til fjölbreytt tískulandslag. Herrarnir eru að vinna með svona klassískt rokkara/hippsteralúkk, sumir í bland við „retro-næntís“ litasturlun, sem virðist reyndar aðeins á undanhaldi, en það virðist líka vera nett millistríðsárátíska að detta inn í finni fötum. Dömunar eru hver annarri glæsilegri og þar er mjög erfitt fyrir óinnvígða eins og mig að ná utan um strauma og stefnur en ég er oft alveg dolfallinn. Á jákvæðan hátt.“

Uppáhaldsfatamerki?: „Fyrir mörgum árum síðan tók ég að kjósa fót sem voru algjörlega laus við öll merki og orð og því var það eins og að komast í gott parti að ramba í fyrsta sinn inn í American Apparel árið 2005. Síðan reyni ég að venja komur mínar þangað og kaupa alla-vega einn bol eða peysu. Það er líka svo gott fyrir karmað.“

Nauðsynlegt í fataskápinn?: „Góðar svartar „slim“-gallabuxur.“



1 Atli í Jakkafötunum frá Kormáki og skildi

2 „Bindið sem ég fermdist með er ennþá töff og fær reglulega að hanga um hálsinn.“

3 „Þessir skór úr versluninni Kron

eru í miklu uppáhaldi hjá mér en ég fékk þá frá kærustunni í jólagjöf.“

4 og 5 „Ég er mjög hrifinn af íþróttafötum frá áttunda áratugnum.“

G-STAR RAW

REYKJAVÍK STORE

LAUGAVEGUR 86-94, S: 511-2007

Flottust !



opið föstudag 11-18.30
laugardag 11-18.30
sunnudagur 13-17

G-STAR RAW DEFENDER NEWSON g-star.com

© 2007 G-Star International B.V. All rights reserved. All trademarks used herein are the property of the G-Star group of companies.

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON

ÁSTIN STÆKKAR
Vegna gífurlegra vinsælda hefur
áhorfendapöllum sýningarinnar verið breytt.

2 mars - 88 sýning - uppselt
30 mars - 89 sýning
3 apríl - 90 sýning



ÓMAR RAGNARSSON



HANNA MARÍA KARLSDÓTTIR



KRISTBJÖRG KJELD



MAGNÚS ÓLAFSSON

Þú kemst ekki í gegnum vikuna ...



án þess að horfa á kvikmyndina La vie en rose sem byggð er á ævisögu frönsku söngkonunnar Edith Piaf en myndin kom nýlega á myndbandaleigur. Fegurð myndarinnar er slík í

tónum, myndmáli og yfirburða leik að hún lætur engann ósnortinn. Fullkominn endir á vikunni.



nema að leggja fyrstu drög að sumarfríinu, slík plön geta lyft sálartréinu upp í hæstu hæðir. Í stað þess að blóta hálkunni getur þú ímyndað þér hvítan sand, pálmatré og frosna margarítu við sundlaugarbakkann í heitu landi. Slíkar draumsýnir geta glætt hversdagsleikann gleði og hamngju.



án þess að fara í einn góðan bíltúr með fjölskyldunni. Hver man ekki eftir sunnudagsbíltúrunum hérna áður fyrr sem að visu kostuðu ekki jafn mikinn skilding og í dag en voru endurnærandi og mikilvæg samverustund fjölskyldunnar í amstri hversdagsins.



nema að fara í leikhús. Sjaldan hafa verið jafn margar spennandi sýningar á fjölnum líkt og nú þar sem fjölbreytni í verkefnavali virðist vera allsráðandi.

nema að gera eitthvað sem þig hefur lengi dreymt um en hefur ekki lagt í. Nú er tíminn! Það þarf enginn að gæsa eða steggja til að geta leyft sér að missa tókin. Skelltu í þér í matvöruverslun uppáklædd sem kanína eins og ekkert sé sjálf-sagðara og hver veit nema þú rekist á góðkunningja úr fortíðinni. Farðu í Kringluna á laugardegi með knippi af hjartablöðrum og kysstu hvern einasta mann sem þú sérð og segðu að þú elskir, góð leið til að losa um tilfinningar.

Söngkonan Regína Ósk Óskarsdóttir hlakkar til að fara til Serbíu og keppa í Eurovision fyrir Íslandshönd. Í viðtali við Mörtu María Jónasdóttur talar hún um ást sína á Eurovision, barneignir og kjaftasögur.



Alltaf verið athyglissjúk

Þegar Regína Ósk var lítill stelpa dreymdi hana um að slá í gegn. Hún dansaði og söng sig í gegnum Árbæjarskóla, söng einsöng með kórnum og var ákaflega virk í félagslífinu. „Ég hef alltaf verið athyglissjúk og þegar ég var lítill sá ég það í hillungum að koma fram. Ef ég fór á tónleika eða á fimleikasýningar þá lék ég þetta allt eftir þegar ég kom heim. Samt er athyglissýkin svolítið í leyni hjá mér, er ekki að flagga henni neitt sérstaklega,“ segir hún og hlær og bætir því við að hún hafi verið svolítið ofvirk og sé líklega enn. „Maður þarf að vera svolítið ofvirkur í þessum bransa því það gerist ekkert með því að sitja heima.“ Eftir Menntaskólanum við Hamrahlíð lærði hún djasssöng í FÍH hjá Tenu Palmer. Í dag er hún yfirkennari í söngskóla Maríu Bjarkar ásamt því að vera söngkona í fullu starfi. Hún er alsæl með að hafa komist alla leið í undankeppninni fyrir Eurovision en hún hefur þrisvar sinnum farið út fyrir Íslandshönd en alltaf sungið bakródd. Hún fór til Köben 2001 með Angel, til Riga 2003 með Birgittu Haukdal og til Úkraínu 2005 með Selmu Björnsdóttur. „Þetta eru ótrúlega skemmtilegar ferðir og öðruvísi en allt sem maður hefur

prófað,“ segir hún dreymin á svip og segist hlakka mikið til. „Ég ætlaði mér alltaf að komast alla leið en ég var ekkert að tala um það þegar ég

ný Eurovision-lög. Hún segir Friðrik Ómar miklu meira Eurovision-nörd en hún sjálf og hann viti ótrúlegustu hluti um keppnirnar sem voru

svolítið skondið að fólk fatar ekki alltaf að við spilum bara Eurovision-lög af því að það er til svo mikið af skemmtilegum lögum sem hafa verið í keppninni. Þetta spannar allan skalan, rapp, popp og diskó.“ Regína segir að uppáhalds Eurovisionlagið sitt sé, All Kinds of Everything með Dönu, en hún syngi það aldrei á böllum því það sé svo rólegt. „Þegar kemur að ballvænu lögnum þá er það lagið með Ruslónu. Mér finnst ógeðslega gaman að syngja það og það verður allt kreis í böllum þegar við spilum það.“

“ÉG GET LÍTIÐ GERT Í ÞVI SEM FÓLK ER AÐ SEGJA UM MIG Á NETINU. MÉR FINNST ÓTRÚLEGT HVAD FÓLK LÆTUR ÚT ÚR SÉR Í SKJÓLI NAFNLEYNDAR.”

var í bakraddahlutverkinu. Ég hélt bara mínum markmiðum og gerði þetta skipulega. Líf mitt snýst þó alls ekki bara um Eurovision. Síðastliðin ár hef ég byggt upp minn söngferil og gefið út þrjár plötur. Á Íslandi fær maður ekki mörg tækifæri að syngja fyrir alla þjóðina og því er Eurovision frábær vettvangur. Þetta er rosaleg reynsla og frábært fyrir söngvara að æfa sig að koma fram í sjónvarpi.“

Eurobandið verður til

Fyrir tveimur árum stofnuðu Regína Ósk og Friðrik Ómar Eurobandið. Sú hljómsveit er sérstök að því leytnu til að hún spilar eingöngu gömul og

haldnar löngu áður en þau fæddust. Þegar Eurovision-keppnin er rædd nánar kemur þó í ljós að áhugi hennar á keppninni er eiginlega móður hennar að kenna. „Mamma lét okkur systkinin alltaf horfa á keppnina og bjó til sanna fjölskyldustemningu í kringum hana. Á Eurovisionkvöldum var poppað og keyptur Kentucky,“ segir hún og hlær. Síðan bandið var stofnað hefur verið brjáláð að gera hjá þeim. Þau hafa spilað á árshátíðum og öðrum skemmtunum. Síðustu mánuði hafa þau spilað um hverja helgi á Broadway og því var þau komin í þrusubjálfun þegar þau tóku þátt í undankeppninni. „Það er samt

Undirbúningur í hámarki

Þótt síðustu vikur hafi verið annasamar í lífi Regínu Óskar segir hún að það sé engin hvíld framundan. Á næstu vikum þurfa þau að undirbúa lagið, gera efni fyrir blaðamenn sem þau taka með sér út og fara í myndatökur svo fátt eitt sé nefnt. Þegar hún er spurð út í hvernig atriðið verði í Serbíu segir hún að það eigi eftir að koma í ljós. „Við verðum allavega að æfa atriðið það mikið að það streymi fram án þess að maður þurfi að hugsa hvað eigi að koma næst.“ Talið berst að fatavali „Ég var búin að kvíða fyrir því að finna mér dress fyrir kvöldið en svo var þetta ekkert mál. Skjöldur

UPPÁHALDSMATURINN: Lasagna

og túnfisksteikin á Ítalíu

UPPÁHALDSDRYKKJURIN: Peru-

ávaxtatoppur

UPPÁHALDSFLÍKIN: Evuklæðin

MESTI LÚXUSINN: Nudd

FULLKOMINN FÖSTUDAGUR? Sofa

aðeins út og vera ekki með neitt

sérstakt planað, dunda sér um daginn og fara í nudd, hárgreiðslu, kaupa sér einhver fót og fara út að borða um kvöldið ...

ÞILLINGA MINN ER... yndislegur

Yaris sem ég þarf að fara að láta þrifa!

HVAÐ KEMUR ÞÉR TIL AÐ HLÆJAST

Fyndin tilsvör frá börnum, þ. á m.

dóttur minni

LEYNDARMÁLID: Bókin

MESTA ÞAKKARASTRUKID: Ekkert

á efri árum, en þegar ég var lítil

hellti ég úr öskubakka ofan í

vögguna hjá litla bróður mínum...

Hlýðir mömmu

Þegar Regína Ósk var unglingur söng hún einsöng með kór Árbæjarskóla. Henni er það mjög minnstætt þegar móðir hennar bannaði henni að fara í partí daginn fyrir tónleika og hún segist hafa orðið alveg brjáluð út í hana fyrir vikið. „Móðir mín ól mig svona upp en ég verð að viðurkenna að daginn eftir var ég mjög fegin að hafa ekki farið í partíið. Söngvarar eru sitt eigið hljódfæri og þeir verða að fara vel með það. Ég fer alltaf beint heim eftir böll, það er enginn tími í djamm þegar það er svona mikið að gera hjá manni.“ Hún hefur líka ákveðnar skoðanir drykkjusiðum í vinnunni. „Ég drekk heldur ekki þegar ég er að vinna. Mér finnst æðislegt að syngja en fyrir mér er það ekki partí, það er vinna.“

martamaria@365.is

KLINGENBERG SPÁIR FYRIR REGÍNU

Regína Ósk Óskarsdóttir er fædd 21.12. 1977. „Regína Ósk hefur mikla seiglu. Hún hefur sterk tök á að sjá þau takmörk sem hún ætlar að ná og mjög sterkt tengslanet í kringum sig. Hún passar sig á því að vera góð við aðra. Hún hefur samt mikinn tilfinningahita líkt og ítölsku konurnar og er bara búin að sýna brot af því sem hún getur í raun. Hún er á ári ástarinnar í ár og ástin mun gefa henni mikla orku og sérstakan kraft til að syngja tilfinningaleg lög. Hún er á miklu frjósemisári og get ég ekki betur séð (ef hún passar sig ekki) en að hún verði ófrísk á árinu. Ein lítil Regína gæti verið á leiðinni. Hún er talan þrír sem er sterkasta listamannatalan,“ segir Sigríður Klingenberg og bætir því við að hún yrði ekki hissa ef hennar yrði beðið á árinu. „Þetta er árið hennar Regínu. Hún mun standa sig með þrýði hvert sem hún fer og hvert sem hún ætlar. Krafturinn mun aukast



hjá henni og miklar breytingar eru í vændum. Íslendingar eiga eftir að verða stoltir af framlagi sínu til Eurovision og ef eitthvað er þá mun lagið vekja miklu meiri athygli en við var búist.“

Italsofa

The Italian touch

Nýjar gerðir í breyttum og stærri sýningarsal



Vandaður hornsófi með þykku nautaleðri Verð kr. 364.000.-



Vandaður hornsófi með þykku dökkbrúnu nautaleðri og rafknúnum skemmlí Verð kr. 490.000.-



Vandað sófasett 3+1+1+ með þykkuk nautaleðri Litir : Ljóst,brúnt Verð kr. 315.000.-



Eybjörð greiddi okkur og þegar við vorum að fara yfir stöðuna rakst ég á tjullpilsíð hjá honum og vildi endilega vera í því. Toppurinn úr Spaksmannsspjörum smellpassaði við og svo lánaði Skjöldur mér beltið. Á endanum fann ég gamlar ermar heima hjá mér og ákvað að vera í þeim við,“ segir hún kát. Þegar hún er spurð að því hvernig hún ætli að vera í Serbíu segist hún ekki ætla að fara langt frá þessum klæðnaði.

Netheimar loga

Síðan Regína Ósk og Friðrik Ómar unnu undankeppnina hafa netheimar logað í leiðinlegum athugasemdum um þau. Hún segir að hún láti þetta ekkert á sig fá og líði vel í eigin skinni. „Ég get lítið gert í því sem fólk er að segja um mig á netinu. Mér finnst ótrúlegt hvað fólk lætur út úr sér í skjóli nafnleyndar. Það er svo óvægið. Ég er mjög hamingjusöm og líður vel með sjálfa mig. Ég ætla ekki að láta þetta á mig fá,“ segir Regína Ósk sem á góða að. Þegar hún er spurð að því hvernig hún haldi sér í formi segist hún fara reglulega í ræktina. „Ég er alltaf að hugsa um heilsuna. Ég er hjá þjálfara og æfi í Laugum tvisvar í viku.“

Regína Ósk er í sambúð með Sigur-sveini Þór Árnasyni en þau kynntust í Sjallanum á Akureyri fyrir tveimur árum. Hann var í hljómsveitinni Lúxor, spilar á gítar, er nemi í FÍH og er verslunarstjóri í Dressmann í Smáralind. Auk þess sér hann um að stíliseri allar Dressmann-verslanirnar á landinu. Þegar hún er spurð að því hvort hann gefi henni góð ráð varðandi fataval segir hún svo vera. „Ég fæ mjög góð ráð hjá honum og hann er mjög hreinskilinn. Við náum rosa vel saman.“ Föstudagur fékk Sigríði Klingenberg til að spá fyrir Regínu Ósk og hún spáði því að hún myndi eignast barn á árinu ef hún myndi ekki passa sig. Þegar Regína er spurð um þetta fer hún að hlæja. „Í alvöru, það er æði. En það er ekki komið ennþá, ég get lofað því. Og ég er ekki að stefna að því akkurat núna. Ég held að það sé ansi hæpið að barnið fæðist á árinu en mig langar að eignast annað barn. Dóttir mín er fimm að verða sex ára og ég er ekki hætt að eiga börn. Ég vil þó hafa tíma fyrir barnið þegar það kemur. Það er bara svo mikið álag á fjölskylduna að vera í þessum bransa. Verð aðeins að róa mig niður ef ég ætla að fara í frekari barneignir. Ég held að börnin komi þegar þau eiga að koma.“

Veldu draumahúsgögnin hjá okkur eða settu saman sérpöntun að þínum óskum

Italsofa Frábært verð og gæði
The Italian touch

www.valhusgogn.is

Röltu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið virka daga kl. 10-18 / Laugardaga kl. 11-16

tíska

ferskleiki dagsins í dag

CHLOE SEVIGNY Í KRONKRON

Fatalína bandarísku leikkonunnar Chloe Sevigny kom verslunina Kron Kron í gær, 28. febrúar, en aðeins fáar útvaldar verslanir í heiminum fá að selja hönnun hennar. Flestir muna eftir leikkonunni úr kvikmyndinni Kids og Boys Don't Cry en Chloe var tilnefnd til Golden Globe- og Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í síðarnefndu myndinni. Þetta er fyrsta fatalína leikkonunnar en hún vinnur hana í samstarfi við breska fyrirtækið Opening Ceremony. Linunnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu þar sem Chloe þykir hátt skrifuð í tískuheiminum.

Sjóræningjaleikur



1

Saltur andblær sjávarins sveif víða yfir tískusýningarpöllum þegar vor- og sumartískan var kynnt í haust. Akkeri og sjóliðasnið ásamt öðrum sígildum tákmyndum frelsisins fjarri fastalandinu voru áberandi auk þess sem villt og litaglöð fatatíska sjóræningjanna gerði strandhögg í tískuheiminum eina ferðina enn. Sjóliðarendurnar voru áberandi í vor- og sumarlínunni árið 2006 og snúa nú aftur með enn sterkari skírskotun til ævintýrlegs sjóræningjalífsins þar sem litirnir rauður, blár og hvítur eru allsráðandi.

Hafið bláa hafið og lífið í ölduróti þess hefur löngum heillað og verið sveipað ævintýrablæ og rómantik enda bærast leyndardómar og allar þrjár mannsandans í hylðypinu undir víðfeðmu yfirborði hafnsins sem skilur að lönd og elskendur. Þar leynast hættur og fegurð, líf og dauði og hvergi verður lífsbaráttan og stríðið við sinn innri mann og fávíðri hugans dramatískari en úti á reginhafi. Þar er glímt bæði við náttúruöflin og persónuleikabresti sem geta jafnvel tekið á sig mynd risavaxins hvíts hvals þegar verst lætur.

Engan þarf því svo sem að undra að tískan sem hefur náttúrulega tilhneigingu til þess að fara í menningarsögulega hringi sæki ítrekað á þessi sömu mið og ljóskáld, rithöfundar, leikstjórar og myndlistarfólk hefur sótt í gegnum aldirnar. Hafið er þar fyrir utan enn dularfull ævintýraveröld á öld internets og endalauss upplýsingaflæðis og þar má enn finna vin í andlegri eyðimörk gegndarlausrar efnishyggu, hraða og tímaleysis. Fátt er því kærkomnara en ferskur andblær frá hafinu sem hristir upp í hversdagsgrámanum með litadýrð og ævintýrþrá.

Tískan er sem betur fer eins og golfstraumurinn og á endalausni ferðalagi sínu í gegnum tíma oig rúm rekur hana af og til á fjörur okkar með rómantískan trylling úr fortíðinni. Þessir vindar frelsis og lífsgleði munu blása um Reykjavík og aðrar tískuborgir í sumar.

bergthora@365.is



1. Hringur með akkeri, Topshop
2. Carolina Herrera, vor, sumar 2008
3. Jean Paul Gaultier vor/sumar 2008
4. Af sýningu Eley Kishimoto fyrir vor, sumar 2008
5. Marc Jacobs taska frá versluninni Kron Kron
6. Sjóliðapeysa frá Topshop
7. Sjóliðapeysa frá Topshop

Fatnaður við öll tækifæri.
 Árshátíðarkjolar, yfirhafnir og vorklæðnaður.
 Litadýrð í bolum og blússum.

Vorvindar glaðir ...



Kringlunni · sími 568 4900
 www.kello.is



Ný verslun í Kringlunni

B & S

KONUR

BOSS
HUGO BOSS


SAND

HUGO
HUGO BOSS

B&S Kringlunni áður **SAND** | 553 4141
WOMAN

heima

gleði og glysgjörn húsráð



HALTU Í ÞAÐ GAMLA

Ef þú flytur í íbúð sem er með panelklæddum veggjum skaltu hugsa þig tvisvar um áður en þú hendir öllu út. Panellinn er nefnilega það sem koma skal og eftir nokkur ár verður hann mun verðmætari en fólk grunar. Þegar kreppir að er líka mjög mikilvægt að sjá fegurðina í öðruvísi hlutum.

Vala Matt selur glæsibúð sína í Sjálandinu

Íbúð fyrir vandláta

Sjálandinu í Garðabæ hefur sjónvarpskonan og arkitektinn Vala Matt komið sér vel fyrir í 120 fermetra glæsibúð. Íbúðin vakti athygliþegarhúnbirtistíhúsbúnaðarritinu Veggfóðri en hún lagði mikla áherslu á að íbúðin væri stílhrein en jafnframt hlýleg. Nú ætlar Vala að breyta til, breyttar aðstæður kalla á öðruvísi húsnæði. „Börnin mín hafa verið í útlöndum undanfarin ár í námi og eru að flytja heim. Þau eiga húsnæði í miðbænum og mig langar að flytja þangað til að vera í göngufæri við þau. En ég fer héðan með miklum trega því hér er mér búið að líða dásamlega, hér er því lík náttúrufergurð og kyrrð.“ segir Vala en hún hefur fest kaup á þakibúð á Klapparstíg.

Það skondna er að hún bjó í sama fjölbýlishúsi fyrir áratug og því má segja að Vala sé að flytja aftur heim. „Ég bjó í þeirri íbúð í fimm ár og fannst svo gott að búa þar. Þegar ég sá að það var íbúð til sölu í sama húsi sló ég til.“ segir Vala. Þegar hún er spurð að því hvort það þurfi að gera mikið fyrir nýju íbúðina segir hún svo ekki vera. Þeir sem þekkja Völu vita þó að hún á örugglega eftir að endurhanna hana alla. „Ég hefði helst vilja færa íbúðina sem ég bý í núna með smá part af fjörunni niður í miðbæ.“ segir Vala og hlær. Hún er í smá pásu frá sjónvarpinu en hún hefur þó ekki setið auðum höndum. Hún er að teikna sumarbústað, sófa og sitthvað fleira og svo er hún að vinna í því að endurskipuleggja líf sitt. Hún segist þó alls ekki vera hætt í fjölmiðlum.

„Ég er með svo mikla fjölmiðlabakteríu að ég er aldrei róleg fyrr en ég er búin að miðla áfram. Núna er ég að undirbúa nýtt fjölmiðlaverkefni en mér hefur verið boðið ýmislegt sem ég hef ekki viljað taka því það hefur verið of líkt því sem ég hef verið að gera. En ég vil ekki tala um það núna. Svo langar mig að breyta tempóinu hjá mér, er búin að vera í rosalegri keyrslu síðustu ár og þarf að endurhlaða mig. Þegar krakkarnir mínir koma heim langar mig að hafa meiri tíma með þeim og vera alvöru amma.“ segir Vala og brosir. Frekari upplýsingar hjá Hannesi Steindórssyni á Remax.is

martamaria@365.is



VALA ELSKAR COREAN-EFNIÐ EN VASKURINN OG HILLAN FYRIR NEÐAN ERU ÚR ÞVI.



HÚN SEGIST HELST AF ÖLLU VILJA FÆRA ÍBÚÐINA NIÐUR Í MIÐBÆ SVO HÚN GETI VERIÐ SEM NÆST BÖRNUM OG BARNABÖRNUM.



STOFAN ER HLÝLEG. SÓFARNIR ERU ÚR 19:19 SETTINU FRÁ SOKKABANDSÁRUM STÖÐVAR 2 EN SÓFABORÐIN ERU ÚR INNLIT/ÚTLIT. FALLEG HÖNNUNARHÚSGÖGN SETJA PUNKTINN YFIR I-ÍÐ.



HUGSAÐ ÚT Í ALLT. GLERHURÐIR ERU Í STAÐ VENJULEGRA OG SETUR ÞAÐ ÓTRÚLEGA FERSKAN SVIP Á ÍBÚÐINA.



HÖNNUN VÖLU. HÚN LÉT SÉRSMÍÐA SKÁPA Í SVEFNHERBERGIÐ SEM KEMUR SÉRLEGA VEL ÚT EN AUK SKÁPANNA ER FATAHERBERGI INNI AF SVEFNHERBERGINU.

Frábær fermingargjöf



North Ice winter
útvistarfatnaður frá Finnlandi
 Úlpa, buxur, tvenn nærföt, lúffur, húfa og trefill.
 Allur Pakkinn á

kr 19,500.

Skoðið úrval útvistar og veiðifatnaðar á

www.icefin.is
 Icefin Nóatúni 17
 S. 5343177




Coca-Cola Kynnir

SÁTTEN HEANIS JÓHNIS MÉTNIS

20 ÁRA
afmælistónleikar
1988-2008



GOSPELKÓR BLÁSARAR

LEYNIGESTIR STRENGJASVEIT

TRÚÐUR

MÍÐASALA Á midi.is

LAUGARDALSHÖLL FÖS. 14. MARS 2008

BALL Í HÖLLINNI 14. MARS. SÁLIN FLYTUR ÚRVAL LAGA SINNA UNDAFARIN 20 ÁR MED FULLTINGI BLÁSARA, STRENGJASVEITAR, GOSPEL-KÓRS, LEYNIGESTA OG TRÚÐS. ADEINS ÞETTA EINA SKIPTI! ÖLLU TIL TJALDAD Í SVÍÐSBÚNADI; ÞRÍR RISASKJÁIR, LJÓS Í ÖLLUM LÍFSINS LITUM, WÖTT Í MASSAVÍS - ALLUR BALLETTINN. HÚSID OPNAR KL. 21, TÓNLEIKAR HEFJAST KL. 22.

MÍÐAVERÐ: 5.000 (STÚKA) OG 4.000 (GÓLF: STANDANDI)

tónlist Coke megin í lífinu



bland

í gær og á morgun ...

SPENNAN MAGNAST

Lokabáttur dönsku spennubáttaraðarinnar Forbryðelsen eða Glæpurinn verður sýndur á sunnudagskvöld á Ríkissjónvarpinu. Glæpurinn hefur notið mikilla vinsælda á vetrarmánuðum og haldið íslenskum áhorfendum þáttarins í spennutreyju í bráðum tuttugu vikur. Fjölskyldu- og félagslíf hefur jafnvel orðið fyrir áhrifum frá Glæpunum en alhörðustu aðdáendur þáttarins hafa gert sunnudagskvöldin að heilagri stund og sett allt annað á bið. Vitað er til þess að fjölskyldur hafa boðað sunnudagslærið í kaffítímanum á sunnudögum til þess eins að geta notið þáttarins í frið og ró.



díana mist

FÖSTUDAGUR 22.02:

Byrjaði daginn á Kaffitári. Þar var sjarmatróllið og bæjarstjórinn Grímur Atlason ferskur í höfuðborginni. Þar var líka Inga María Leifsdóttir, kynningarstjóri Íslensku óperunnar, Gunnar Eyjólfsson leikari og hinir kaffibrúsakarlarnir. Eftir frekar syndlausan dag lá leiðin á opnun sýningar Gabriellu Friðriksdóttur í Listasafn Íslands. Sem betur fer náði ég ekki að fara heim úr vinnunni og mætti þar af leiðandi ekki eins og jólatré á árs-hátíð krúttkynslóðarinnar. Frú Vígdis Finnbogadóttir var þar glæsilegust allra og Aftur-systurnar. Eftir sýninguna var haldið í heim til föður listakonunnar, Friðriks Sophussonar og konu hans Sigríðar Dúnu, en þau héldu veislu í tilefni dagsins sem stóð fram eftir nóttu. Fór uppgef-in heim en ætlaði aldrei að geta sofnað þar sem síminn var rauðglóandi af tryllt-um SMS-um frá einhverjum týpum fram eftir morgni. Hvað er þetta með íslenska karlmenn, örliðið áfengi og SMS, hættuleg blanda þar á ferð.

LAUGARDAGUR 23.02:

Ákvað að druslast í bæinn sem var iðandi af lífi. Helgi Hjörvar og Þórhildur Elin nutu góða veðursins með börnum sínum á meðan leikaraparið Dóra Jóhannsdóttir og Jörundur Ragnars-son og gamli góði DJ-dúettinn Jói og leikstjórinn Reynir Lyngdal voru á Vegamótum. Eftir bæjarferðina var stefnan tekin á Bláaljósmynd-arasýninguna. Þarna var press-

an samankomin, fyrrverandi ritstjórar blaðsins Séð og heyrt, Bjarni og Kristján, Jónas Haralds ritstjóri Viðskiptablaðsins, Kolla Bergþórs, Áslaug Snorradóttir ljós-myndari, Helga Stefáns búningahönnu-úður og Svanhildur Konráðsdóttir. Helti í mig fimm hvítvinsglósum og var orðin vel hress. Af sýningunni lá leiðin í Euró- visionpartí. Vissi ekki með hverjum ég átti að halda, fannst þetta bara allt fint, segir kannski meira um ástandið á mér þetta kvöld. Tók leigubíl í bæinn og leit við á Boston. Þar voru sjónvarpsstjórurnar Simmi og Þóra Tómasdóttir alsæl og mátti greina mikla rómantík í loftinu. Ég fór aftur heim og tók á móti einum göml-um félagi á tröppunum. Ekki spyrja mig af hverju en ég bauð honum inn enda vel sósuð og hress og hafði ekki á móti smá félagsskap.

SUNNUDAGUR 24.02

Vaknaði á bömmur við hliðina á Skugga-Baldri næturinnar. Hvað var ég að spá. Ákvað að lauma mér út þrátt fyrir að hann væri heima hjá mér. Boðaði vin- konu mína á neyðarfund á Gráa kött- inn. Eftir egg, beikon og nokkra kaffi latte var ég þó farin að hlæja að mistökum næturinnar og ekki spillti fyrir þegar leikarinn Gael Garica gekk inn. Þegar ég kom heim var „féluginn“ farinn, skildi eftir sig miða, „takk fyrir nóttina, sæta“, um mig fór kaldur hröll- ur. Um kvöldið hætti síminn ekki að hringja og örmurlegum SMS-um rigndi yfir mig. Já, en svona er þetta vist. Það geta vist ekki allir verið heppnir.



TOPP
10



Áslaug Snorradóttir ljósmyndari og eigandi samkvæmisstaðarins Pikniks



1. „Ég veit ekki hvar ég væri án fólksins kringum mig sem ég elska, dái og virði. Veit ekki hvar ég væri án tilfinninga eða án líkamans, Bergs kíró- praktors og Tóta nálastungu, ég kemst ekki af án þeirra.“

2. „Penni og pappír eru mér lífsnauðsyn til að koma hugmyndum og hugsunum mínum á blað.“

3. „Ég get ekki verið án brokkólís, ég gæti borðað það í öll mál.“

4. „Ég elska ávexti og blóm en þau færa mér innblástur, minningar og gleði í allri sinni dýrð og veita mér fullkomna hamingju. Ég útbý altari skreytt ávöxtum og blómum – því fal- legasta sem er í boði hverju sinni – en ávextirnir nýtast síðan í safapressuna góðu í sellerí- skot eða ananaskokkteil með engifer og límónu.“

5. „Ég get ekki lifað án lita en þeir gleðja mig. Rauðir litir gleðja mig mjög mikið, ég sé mikið eftir „Jung- le red“-varalitnum frá Nars en þeir hættu því miður framleiðslu á honum.“

6. „Armband eftir Huldu, guðdómlegt plexíarm- band með rauðum kanínudúski. Eina gældýrið í mínu lífi, ber það daglega.“

7. „Ég get ekki verið án tóna og orða, suðuramerískt í orðum og arabískt í tónum en svo allt hitt...“

8. „Hnífarnir góðu gegna stóru hlut- verki í eldhúsinu, eldamennskan verður dásamleg og gulræt- urnar extra góðar.“

9. „Gula myndavélin mín, mikil ánægja með það samstarf og sérstaklega með 50 mm linsu.“

10. „Ég get ekki verið án farartækja, línu- skautanna, gönguskónna og hjólsins, veitir frelsi og kætir andann.“



Betra loft betri líðan

Airfree lofthreinsitækið

- Eyðir ryki og gældýraflösu
- Eyðir bakteríum, ólykt og myglu
- Er hjóðlaust og viðhaldsfritt

Hæð aðeins 27 cm



Swopper vinnustóllinn

- Bylting fyrir bakið
- Styrkir magavöðvana
- Frelsi í hreyfingum
- Fæst í ýmsum litum



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

SONY

like.no.other™



Skarpasta tvennan

Stríðinu er lokið, Blu-ray er háskerpumiðill framtíðarinnar og framtíðin er núna. Fáðu þér sérlega vandað 40 tommu háskerpu LCD sjónvarp sem hlotið hefur afburðadóma og Playstation 3 háskerpu Blu-ray spilari, mediacenter og leikjatölva fylgir með.



KDL40W3000
Sony BRAVIA LCD sjónvarp
Full HD 1080p upplausn • x.v.Colour
BRAVIA Engine Ex myndstýring
24p True Cinema • Live Colour Creation
BRAVIA Theatre Sync • Photo TV HD
Innbyggður stafrænn sjónvarpsmóttakari
339.900,-



Playstation 3
Blu-ray spilari og mediacenter
Háskerpu Blu-ray spilari (1080p) • Mediacenter
DVD spilari með upscaling til að nýta sjónvarpið betur
Mögnuð leikjatölva • 40 GB harður diskur
2 USB tengi • Þráðlaust netkort innbyggt
Fullkominn félagi fyrir BRAVIA sjónvarpið þitt
0,- *

* ef keypt með KDL40W3000. Gildir til 10. mars.

Kringlan
103 Reykjavík
588-7669
info@sonycenter.is

Sony Center

HETJUUR

HÖFUNDUR **GERALD SIBLEYRAS**
LEIKSTJÓRI **HAFLÍÐI ARNGRÍMSSON**

Verkið, í þýðingu Toms Stoppard, vann til Laurence Olivier-verðlaunanna fyrir "The best new comedy", þegar það var sett upp í West End árið 2006.

★★★★★ FRÉTTABLAÐIÐ

„...fyrir þá sem vilja sjá vel ígrundaða og góða sýningu.“

ELÍSABET BREKKAN
FRÉTTABLAÐIÐ

„...verk fyrir þroskað fólk og ég get lofað því að það skemmtir sér vel...“

SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR
TÍMARIT MÁLS OG MENNINGAR

**ÞÚ VILT
EKKI MISSA
AF ÞESSARI
SÝNINGU!**

„Ljúf var þessi kvöldstund.“

MARÍA KRISTJÁNSDÓTTIR
MORGUNBLAÐIÐ

„Bráðfyndið og einlægt verk sem er fantavel leikið.“

ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR
24 STUNDIR

Fös.	29. feb.	kl. 20
Lau.	01. mar.	kl. 20
Lau.	08. mar.	kl. 20
Sun.	09. mar.	kl. 20
Fim.	27. mar.	kl. 20
Fös.	28. mar.	kl. 20
Lau.	05. apr.	kl. 20
Sun.	06. apr.	kl. 20
Lau.	12. apr.	kl. 20
Sun.	13. apr.	kl. 20



GUÐMUNDUR ÓLAFSSON

SIGURÐUR SKÚLASON

THEÓDÓR JÚLÍUSSON

BORGARLEIKHÚSIÐ